



Græja mánaðarins: Tikka RXP (215 lumens)

Þetta er fyrsta græjan sem Ísalp tekur til skoðunar, vonandi af mörgum. Græjuhornið hefur legið niðri í mörg ár, en í gömlum ársritum voru birtar samanburðargreinar um ísaxir, brodda, vini, klifurlínur og annan fjallamenskubúnað.i. ÍSALP hefur trú á að rafrænt græjuhorn geti orðið að reglulegt innleg, fræðandi og jafnvel skemmtileg!

Planið er ekki að gefa út grein hvern einasta mánuð en samt sem áður reglulega. Fyrir verða teknar græjur sem henta fyrir **fjallamennsku, skíðamennsku og klifur** og það er krafa okkar að græjan hafi eitthvað áhugavert fram að færa, hvort sem að græjan sé ný týpa, ný vara eða tilraun til að bylta einhverjum rótgrónum fíðusum.

Fyrsta græja Græjuhornsins ætti að henta öllum flokkum sem við listuðum hér að ofan: höfuðljós!

Höfuðljós er eitthvað sem allir þurfa að eiga þar sem að stór hluti ársins hér um slóðir er dimmur og sólarljósið er af skornum skammti þegar við viljum stunda okkar sport. Hver kannast ekki við það að vera að röлта einhverstaðar í einhverri Satans brekku, varla vaknaður, fyrir sólarupprás eða að að koma sér niður of seint eftir að hafa fullnýtt hvern einasta dropa af sólarljósi til góðra verka. Á þessum tímamarkum, sérstaklega á morgnana getur gott ljós gert líf okkar aðeins bærulegra. Við getum öll verið sammála um að höfuðljós eru mikilvæg fyrir það sem við gerum en ekki eru öll höfuðljós eins.

Er höfuðljós á markaðnum sem hefur eitthvað nýtt og öðruvísi fram að færa en hin hefðbundnu höfuðljós?

Tikka RXP höfuðljósið er nokkuð nýlega komið á markað og uppfyllir alveg klárlega okkar hugmyndir um græjur. Þetta ljós kynnir til sögunar birtuskynjara sem nemur hversu dimmt



er úti. Birtuskynjarinn hefur nokkra áhuga-verða fidusa, hann nemur birtustigið úti, ljósið slokknar ef það er of bjart úti. Hann nemur endurkast, ef þú ert að tala við fólk, þá lýsirðu ekki í augun á þeim af fullum krafti, hann nemur einnig jörðina ef þú ert bara að horfa á næsta skref til að taka, þá lýsir ljósið ekki jafn skært og svo ef þú ert að skoða kort eða eitthvað þvíumlíkt, þá er engin þörf á að flóðlýsa það. Ef skynjarinn

nemur ekki neitt. t.d. ef þú horfir beint út í myrkrið eða skoðar eitthvað í dálítilli fjarlægð þá fer ljósið á fullt blast. Ásamt birtuskynjarastillingunni er einnig hægt að festa birtuna á þremur mismunandi stigum eins og á venjulegu höfuðljósi og svo er einnig rautt ljós og blíkk ljós. Ljósið er hlaðið með USB/microUSB snúru eins og Android símar og það tekur álíka langan tíma að hlaða ljósið eins og símann þinn. Einnig er hægt að fara inn á petzl.com og ná í forrit sem leyfir þér að „forrita“ birtuskynjarastillinguna, hversu skært ljósið er miðað við hversu langt þú ert að lýsa og hvaða endurkast þú færð og sýnir um leið áætlaða notkun á rafhlöðunni.

Kostir:

1. Eins töff og það gæti hljómað í eyrum sumra að forrita höfuðljósið þitt, þá veit ég að sumir myndu ekki nenna því og myndi finnast það óþarflega flókið. Ég tel það því sem kost að það er ekki nauðsynlegt að forrita ljósið þó það sé hægt. Forritunin frá framleiðanda er alveg nógu góð og í raun engin ástæða til að fikta í því, en ef þú vilt og hefur góða hugmynd um hvað þú vilt, þá go for it.
2. Virknin er nokkurn veginn eins og auglýst er, maður lendir minna í því að lýsa í augun á fólk og ef þú ert að tala við einhvern með ljós, þá slokknar á þínu til að spara batterýið. Einnig fannst mér mjög hentugt að geta verið inni í skála í lítilli birtu og

Ljósíð bætti aðeins við þar svo þegar ég stóð upp og fór út í myrkur þá þarf ég ekkert að fikta í ljósinu, það fór bara að lýsa allt upp frekar vel.

3. Öll þessi skipti á milli lítillar og mikillar birtu spara batterýið og hleðslan endist frekar vel, ég er búinn að nota það tvær helgar, byrjaði í 72% og nú er það komið niður í 40%
4. Höfuðólin er þægileg og vel hönnuð, engin teygja að framan yfir ennið, enginn batterýpakki aftan á og svo er ólin tvískipt og með teygju að aftan, mjög auðstillanlegt og helst vel á höfði eða húfu. Einnig, þar sem að það er ekki ól sem fer yfir hvirfilinn, eins og á mjörgum stærri ljósum og enginn batterýpakki, þá passar ljósíð vel á hjálm.

Gallar:

1. Ljósíð er hlaðið með USB, sem er gott og blessað, það er hægt að kaupa auka batterý, en það er ekki hægt að nota venjuleg AA eða AAA ef ljósíð skyldi verða batterýslaust þegar þarf á því að halda. Sennilegast nennir þú ekki að hlaða ljósíð þitt fyrir hverja ferð, svo fyrr eða síðar mun það deyja þegar að þú þarft að nota það og það er talsvert algengara að fólk gangi með auka AA batterý á sér heldur en auka petzl höfuðljósabatterý. Einnig væri kostur ef t.d. GPS tækið þitt deyr að geta náð í batterý úr höfuðljósinu til að komast þangað sem þú þarft að komast. Petzl selur AAA adapter sér og hægt er að fá hann í Fjallakofanum, það hækkar verðið dálítið að kaupa hann líka en ég myndi segja að hann væri í það minnsta sniðugur og í það mesta nauðsynlegur.
2. Það eru tveir takkar á ljósinu, einn ofan á því og einn á hægri hliðinni. Þeir eru báðir litlir og erfitt að finna þá þegar ljósíð er á hausnum á þér, tala nú ekki um ef þú ert í hönskum. Það væri lang þægilegast að hafa takkan þannig hannaðan að mjög auðvelt sé að slökkva og kveikja með ljósíð á þér.
3. Ég hef enn ekki hugmynd um hvað þessir takkar gera. Ég var búinn að komast að því að ég þarf að halda þeim báðum inni til að kveikja og slökkva en ég þarf alltaf að prófa mig áfram með því að klikka á takkana á víxl þangað til ég lendi á stillingunni


sem ég vil, ég held að það væri alveg nóg að hafa einn takka eða prenta litla mynd við seinni takkann til að útskýra hvað það er sem gerir hann mikilvægan.

Niðurstaða

Þetta er alveg klárlega áhugaverð græja og ég hef trú á því að á næstu árum verða ljós með birtuskynjum útfærð enn betur og allir litlir gallar vonandi þurrkaðir út. Það tekur tíma að venjast því að ljósið þitt sé að stjórna sér sjálf og breyti birtunni eftir sínu höfði. Ég hef ekki fundið fyrir því að ég verði þreyttur í augunum á því að nota ljósið en ég get alveg ímyndað mér að einhverjir lendi í því. Í heildina séð er þetta fínasta ljós, bara með föstu stillinguna er ljósið skært og lýsir vel upp. Það væri samt frekar gagnslaust að kaupa græjuhöfuðljós með birtuskynjara og nota svo alltaf föstu stillinguna. Ég er ekki enn alveg búinn að venjast öllum breytingunum sem ljósið gerir sjálf en ég get séð að ég myndi venjast því fyrir rest.



Einkunn



(af 5)

Jónas G. Sigurðsson